



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Reykjavík, 10. desember 2018

VEL2018110006

7.5.0

Ráðhús Reykjavíkur  
borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands í borgarráði um fyrirmæli um að henda mat.***

Á fundi borgarráðs þann 8. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fyrirmæli um að henda mat:

„Hvað er hæft í því að starfsfólk borgarinnar fái fyrirmæli um að henda eigi afgangsmat, t.d. í þjónustuíbúðum?“

**Svar:**

Velferðarsvið gefur ekki út fyrirmæli um að starfsfólk borgarinnar eigi að henda afgangsmat heldur eigi að nýta afganga, meðal annars til moltugerðar. Framleiðslueldhúsið á Vitatorgi framleiðir máltíðir og sendir til 15 móttökueldhúsa sem tengjast flest félagsmiðstöðvum og þjónustukjörnum samkvæmt pöntunum sem þaðan hafa borist. Maturinn er sendur í stórum einingum og er settur á diska af starfsmönnum eldhúsa. Bæði gestir félagsmiðstöðva, íbúar þjónustuíbúðarkjarna og starfsmenn eiga þess kost að kaupa sér hádegisverð. Vegna ofangreindrar fyrirspurnar var farið ofan í kjölinn á samskiptum á milli forstöðumanna félagsmiðstöðva og starfsmanna hvað varðar fyrirmæli um meðferð matarafanga.

Á einni félagsmiðstöð hafa komið upp atvik sem tengjast meðferð matar, þar sem stjórnendur hafa ítrekað að afganga eigi fyrst og fremst að nýta í kvöldmat, sem útbúinn er í móttökueldhúsum, fyrir íbúa þjónustuíbúða. Ef þeir eru ekki til þess fallnir eru þeir sendir aftur til framleiðslueldhússins þar sem þeir eru notaðir í moltugerð.

Virðingarfyllst,

  
Regína Asvaldsdóttir  
sviðsstjóri